

**Nr. 18-095 S 067 Litlanes ÞH 3*****Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2771  
Smíðaður: Sólplast, 2008, trefjaplast.  
Útgerð: Fagranes útgerð ehf.  
Stærð: 0 brl. 19,99 bt.  
Mesta lengd: 12,51 m Skráð lengd: 11,94 m  
Breidd: 3,80 m Dýpt: 1,60 m  
Vél: Cummins, 261 kw, 2007.  
Fjöldi skipverja: 3



Litlanes © Einar Ottarsson

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 7. desember 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 29. apríl 2018 var Litlanes ÞH 3 á línuveiðum við Langanes. Veður: S 6 m/sek.

Skipverji var að þrifa blóðgunarkar í lok veiðiferðar en það var útbúið með fölskum botni með vökvalyftubúnaði. Þegar skipverjinn ætlaði að hækka falska botninn lét hann botninn óvart síga með þeim afleiðingum að hann klemmdi þumalfinger hægri handar illa á milli hans og karabrúnar.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn þurfti að styðja sig við með hægri hendinni við karabrúnina þegar hann ætlaði að lyfta botninum þar sem hann var illa staðsettur fyrir stjórtökin;
- að virknin á stjórtökunum var frá miðju, sem var O-staða yfir í stjórn- og bakborða;
- að varúðarmerking var við stjórtökin en engar merkingar um virkni þeirra;



Stjórtökin á blóðgunarkarinu

- að eftir slysið var verklagi við stjórnun karsins breytt og bætt við neyðarstopprofa á vökvakerfið fyrir ofan spilið;
- að fram kom hjá Beiti ehf., framleiðanda karsins, að þetta væri eina karið sem hefur verið smíðað þar sem falski botninn getur farið upp fyrir karabrunina;
- að skipverjinn hlaut opið beinbrot á þumalfingri og sinar fóru í sundur.

***Nefndarálit:***

Orsök slyssins eru mistök við stjórnun vökvalyftunnar.